

Reykjavík 16. september 2015

Greinargerð:

Nú standa yfir hátíðahöld vegna 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna og af því tilefni mun stjórnkerfis- og lýðræðisráð halda einn af opnum fundum sínum á Hallveigarstöðum þann 16. nóvember næstkomandi. Fögnun þessa mikilvæga áfanga í sögunni gefur tilefni til að ræða hvaða þýðingu kosningarétturinn hefur í nútímasamfélagi. Hallar á suma hópa umfram aðra þegar kemur að því að fólk nýti kosningaréttinn og sé virkt í stjórnmálum? Rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á að ungt fólk er líklegra til að nýta sér ekki kosningarétt sinn en eldra fólk. Hvað veldur því? Hvernig má bæta úr því? Einnig er fólk af erlendum uppruna oft nefnt í þessu samhengi, að sérhæfðar aðferðir þurfi til að ná til þess og virkja það til þátttöku í stjórnmálum – sem og eldra fólk. Málefni kynjanna eru einnig stöðugt viðfangsefni í þessu samhengi. Eru kynin ennþá misjafnlega virk í stjórnmálum og þá af hverju? Lagt er til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð bjóði fulltrúum sem áhuga og þekkingu hafa á þessum viðfangsefnum í opnar pallborðsumræður.